

Frumvarp til laga um félagamerki

Það er alvarlegt athugunarefni hvort það sé ekki rétt að fylgja dönsku og norsku lögunum um skiptingu á hugtökum sbr. greinargerð með 1. grein. Það er þörf á því í ýmsum samböndum að greina á milli garantimærker annars vegar og kollektivmærker hinsvegar m.a.hvað varðar reglur um notkun á merkjunum. Nákvæmni í þessu sambandi getur ekki skaðað og það sem meira er hugsanlega sparað óþarfa vinnu þ.m.t.dómsmál eftir atvikum. Öll óþarfa vinna getur auðvitað kostað ríkissjóð og eigendur réttinda peninga.

Ég legg til að þetta verði skoðað vel.

Ég get ekki fjallað um þetta meira í bili og tek fram að næsti stjórnarfundur í Félagi Umboðsmanna Vörumerkja og Einkaleyfa verður ekki fyrir en 12.12.2002 en ítreka óskir um að stjórnin fái betri tíma en hingað til til að skoða frumvörp.

Valborg Kjartansdóttir  
Sigurjónsson & Thor ehf.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/477*  
*komudagur 4.12.2002*

Nefndasvið Alþingis  
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 2. desember 2002.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um félagamerki. 128. lög-  
gjafarþing 2002–2003. Þskj. 382—346. mál.**

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 20. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jakob R. Möller, hrl.  
formaður

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/538*  
*komudagur 5.12.2002*



*Samtök iðnaðarins*  
*Federation of Icelandic Industries*

Nefndasvið Alþingis,  
b.t. Ágústss Geirs Ágústssonar lögfræðings,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 4. desember 2002

**Efni: Umsögn SI um frumvarp til laga um félagamerki.**

Vísað er til bréfs yðar þar sem óskað er umsagnar Samtaka iðnaðarins um framangreint frumvarp til laga.

Samtök iðnaðarins fagna því að fram skuli komið frumvarp um félagamerki en eldri lög um gæðamerki, nr. 89/1935, eru í senn komin til ára sinna og vannýtt á markaði. SI sér nýja möguleika og spennandi tækifæri felast í því að beita félagamerkjum sem gæðatryggingu á markaði gagnvart neytendum. Má lýsa félagamerkjum sem nútímalegu markaðstæki fagmenntaðra iðnaðarmanna til að kynna og bjóða trausta þjónustu eða vöru.

SI gera engar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og hvetja til þess að það verði að lögum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Kristrún Heimisdóttir', written in a cursive style.

Kristrún Heimisdóttir  
lögfræðingur.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 128/356  
komudagur 29.11.2002



29.nóvember 2002

**Efni: Frumvarp til laga um félagamerki, 366.mál, heildarlög, EES-reglur.**

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) hafa fengið tilvitnað frumvarp til umsagnar með bréfi dagsettu 20.nóvember sl.

Sú lagasetning sem frumvarpið gerir ráð fyrir er að mati samtakanna eðlileg og sjálfsögð. Ýmsir jákvæðir möguleikar, jafnt fyrir fyrirtæki, félög og samtök felast í þessari lagasetningu, en þó þarf að hyggja betur að nokkrum atriðum.

3.gr.

Í lokasetningu málsgreinarinnar er vitnað til góðra viðskiptahátta. Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir í íslensku þjóðfélagi varðandi ásættanlega hegðun opinberra jafnt sem einkarekinna aðila og starfsmanna þeirra þá er þetta nokkuð teygjanlegt og órætt viðmið. E.t.v. er þó skortur á öðru betra. Í athugasemd við þessa grein kemur fyrir orðið framleiðendur í næst síðustu línu á bls.3. Þetta þrengir óþarflega málið og væri nær að nota orðið söluaðilar.

4.gr.

Í 2.mgr. er vísað til þess að umsókn skuli fylgja tilskilið gjald. Við þetta mætti að ósekju bæta að það gjald skuli miðast við raunkostnað við skráningu og viðhald skrárinnar.

8. og 9.gr

Í þessum greinum birtist forneskja stjórnskipulagsins í því, að eftir undirstrikun á því að hér sé vísað til vöru, þjónustu og félagamerkis, þá lenda áfrýjunarmál hjá áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar og iðnaðarráðherra fær heimild til að setja nánari reglur um pappírsvinnu og málsmeðferð vegna félagamerkja. Þetta þykja SVÞ ekki ásættanleg tilhögun. Betra er að vista þetta hjá viðskiptaráðherra, sem annast mun víðara málavæði en iðnað. Í fjarveru atvinnuáráðuneytis má samþykka að viðskiptaráðuneyti nái yfir þjónustustarfsemi ekki síður en verslun og önnur viðskipti. Þarna gæti t.d. verið félag um góða viðskiptahætti sem ætti skráð gæðamerki skv. lögunum. Þjónustustarfsemi og ýmis félagastarfsemi getur ekki talist falla undir iðnað. Þetta sýnir betur en annað að atvinnuáráðuneyti er æskilegt í stjórnskipulaginu þegar horfið verður frá viðmiðum sem giltu á fyrri hluta síðari aldar og nú einkenna því miður skipulag og jafnvel hugsun „kerfisins“. Sömu athugasemdir gilda auðvitað um athugasemdir við tilvitnaðar greinar.

Virðingarfyllt,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri